

Stjórn Strætó bs.

Ár 2015, föstudaginn 6. nóvember, var haldinn 229. fundur stjórnar Strætó bs. í Þönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Sigrún Edda Jónsdóttir og Theódóra S. Þorsteinsdóttir, sem kom inn á fundinn kl. 11:40, við umræðu um dagskrárlið 1. Einar Birkir Einarsson og Kristín Soffía Jónsdóttir voru frá upphafi fundar í símsambandi. Einar Birkir fór af fundi kl. 12:20, eftir umræðu um dagskrárlið 2. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Rekstrarúttekt á byggðasamlaginu Strætó
2. Fjárhags- og starfsáætlun Strætó 2016-2020
3. Innri endurskoðun Strætó
4. Mælaborð pr. 31.10.2015
5. Elliðavogur

Tekið fyrir:

1. Rekstrarúttekt á byggðasamlaginu Strætó.
Áframhaldandi umræður um rekstrarúttekt á byggðasamlaginu Strætó.
Fyrir fundinum lágu drög framkvæmdastjóra að svari við bréfi, dags. 16.10.2015, frá stýrihóp um rekstrarúttekt á byggðasamlögnum þremur. Í bréfinu er leitað eftir umsögn stjórnar Strætó um fyrirbyggjandi niðurstöður greiningarvinnu Framsækni ehf. á rekstri byggðasamlagsins áður en stýrihópurinn mótar endanlega sína niðurstöðu og tillögur til eigendavettvangs Strætó.
Stjórn samþykkir að fela stjórnarformanni og framkvæmdastjóra að fullvinna og senda umsögn stjórnar Strætó um niðurstöður greiningarvinnunnar til stýrihópsins í samræmi við framlögð drög og umræður á fundinum.
2. Fjárhags- og starfsáætlun Strætó 2016-2020.
Áframhaldandi umræða um fjárhags- og starfsáætlun Strætó 2016-2020.
Með hliðsjón af niðurstöðum greiningarvinnu Framsækni ehf. á rekstri byggðasamlagsins hafa stjórn og stjórnendur Strætó farið í gegnum fyrirbyggjandi drög að fjárhags- og starfsáætlun með það að markmiði að draga úr rekstrarkostnaði og þar með einnig úr aukinni fjárförf byggðasamlagsins.
Fjárhagsáætlun byggir að öðru leyti á verðlagsforsendum sem samþykktar voru á stjórnarfundum 28. ágúst sl.
Stefnt er að því að fjárhags- og starfsáætlun Strætó 2016-2020 verði tekin til afgreiðslu á næsta fundi stjórnar.
3. Innri endurskoðun Strætó.
Fyrir fundinum lágu niðurstöður verðkönnunar í október 2015.
Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
4. Mælaborð pr. 31.10.2015.
Mælaborð rekstrar fyrir tímabilið 01.01-31.10.2015 lagt fram. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu lykilstærðir í rekstri á tímabilinu.
5. Elliðavogur.
Stjórn telur afar mikilvægt, m.a. með vísan til umræðu um aukna hagkvæmni í rekstri byggðasamlagsins, að nú þegar verði leitað leiða til að flytja skiptistöð Strætó, sem nú er í Artúni, yfir í Elliðavog.
Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að senda erindi varðandi málið til borgarráðs.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:00

Fylgiskjöl:

- Mælaborð pr. 31.10.2015.

Bryndís Haraldsdóttir
Gunnar Valur Gíslason
Sigrún Edda Jónsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Einar Birkir Einarsson
Theódóra S. Þorsteinsdóttir